

Alþingi
Erindi nr. P 130/1023
komudagur 20.2.2004


Til hlutaðeigandi

Frumvarp til laga um fullnustu refsinga

Umsögn / athugasemdir Trúnaðarráðs fanga á Litla-Hrauni

Meðfylgjandi er umsögn / athugasemdir Trúnaðarráðs fanga á Litla-Hrauni um frumvarp til laga um fullnustu refsinga sem nú er til meðferðar hjá Alþingi. Athugasemdirnar eru settar fram með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða almennar athugasemdir og hins vegar athugasemdir við einstakar greinar.

19. febrúar 2004,


f.h. Trúnaðarráðs fanga

Frumvarp til laga um fullnustu refsíðoma

Almennar athugasemdir

Höfundar frumvarpsins

Þriggja manna nefnd vann frumvarpið fyrir dómsmálaráðuneytið. Þar er um að ræða forstjóra Fangelsismálastofnunar, starfsmann dómsmálaráðuneytisins og héraðsdómara sem áður starfaði hjá ráðuneytinu. Frumvarpið ber með sér að hugmyndir Þorsteins A. Jónssonar, forstjóra Fangelsismálastofnunar, eru allsráðandi. Þar er á ferðinni hugmyndir manns að starfslýsingu fyrir sjálfan sig og reglur sem hann á sjálfur að fara eftir. Það væri óvandað Alþingi sem gerði frumvarp, sem maður semur fyrir sjálfan sig, að lögum.

Skilgreiningar

Skilgreiningar eru engar í frumvarpinu. Ekki er tekið á því hvort fangavist sé betrunarvist eða eingöngu refsivist þótt frumvarpið beri hið síðarnefnda með sér í öllu. Þá eru ýmsir hagsmunir óskilgreindir sem og réttindi og skyldur. Matið verður því í höndum fangelsa og/eða Fangelsismálastofnunar. Benda má á að í athugasemdum við frumvarpið er fjallað um internetið og bann við aðgangi fanga að því. Er fjallað um það eitthvað á þann hátt að fangavist skili sér ekki sé föngum leyft að nota internetið. Hins vegar er ekkert hugða að því hvernig fangavist eigi að skila sér, þ.e.a.s. hvert markmið hennar sé. Það hlýtur því að vera eðlilegt að spyrja höfunda frumvarpsins hvernig eða hvers vegna fangavist skili sér ekki sé hitt eða þetta leyft. Hér er rétt að nefna að auðvelt er að hafa eftirlit og aðhald með föngum á internetinu og er netið víða um heim talið eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt í fangavist nútímans.

Frágangur og rökstuðningur

Frumvarpið felur í sér kúvendingu í ýmsum málefnum fanga, einkum þeim sem snúa að réttindum, tengslum við umheiminn, endurhæfingu o.fl. Í athugasemdum við frumvarpið segir stundum að litið hafi verið til norrænna fullnustulaga, einkum norskra og danskra, án þess þó að gera grein fyrir hinni erlendu reglu. Þar fyrir utan eru hinar norrænu reglur, sem vísað er til, slitnar úr samhengi. Sem dæmi um það má nefna heimild til að draga tiltekinn kostnað af launum fanga sem vinna fyrir aðila utan fangelsis. Hér á landi er ætíð ætlast til þess að slík vinna fari fram inni á klefa (sem út af fyrir sig nánast útilokar vinnuna) en á Norðurlöndum vinna fangar utan múra hjá sínum vinnuveitendum. Í frumvarpinu er einkum litið til norræns réttar til að finna hertari reglur þó svo að hið nýja frumvarp gangi miklu lengra en önnur norræn framkvæmd. Í frumvarpinu er hvergi litið til norræns réttar þegar kemur að réttindum fanga, meðferðarþörf eða tengslum við umheiminn og eru hugmyndir annarra Evrópuríkja virtar að vettugi. Þá hefur í frumvarpinu ekki verið leitað áhlits eða skoðana nokkurra fagaðila eða annarra sem gætu vandað frumvarpið og fært það til nútímans líkt og annars staðar hefur verið gert.

Rökstuðningur er á margan hátt fráleitur. Sumstaðar segir að eðlilega verði að gera einhverjar kröfur eða að eitthvað hljóti að vera eðlilegt. Engar vísbendingar eru gefnar um það hvers vegna eitthvað hlýtur að vera eða hvers vegna það verði að teljast eðlilegt. Í því skyni er hvorki vísað til reynslunnar né þekkingar og reynslu annarra þjóða

né löggjafar þeirra að þessu leyti. Þar eru sem sagt á ferðinni skoðanir þeirra sem semja frumvarpið. Þessar skoðanir er í andstöðu við álit og niðurstöður flestra þeirra sem raunverulega þekkja málefnið og hafa rannsakað það.

Í athugasemdum við frumvarpið segir að litið hafi verið til hinna evrópsku fangelsisreglna en engar visbendingar eru gefnar um það með hvaða hætti eða við hvaða tilefni. Allt bendir til þess að engin hliðsjón hafi verið höfð af hinum evrópsku reglum og fullyrðingin í athugasemdum sé einungis höfð með til skrauts.

Kostnaður

Það vekur sérstaka athygli að umsögn fjármálaráðuneytisins, sem fylgir frumvarpinu sem sérstakt fylgiskjal, byggir ekki á réttum forsendum, raunverulegum staðreyndum og itarlegri fræðslu. Fjármálaráðuneytið lýsir því að hið nýja frumvarp muni ekki varða kostnað rikissjóðs nema í litlum mæli. Það er einfaldlega ekki rétt. Fjármálaráðuneytið tekur ekki með í reikninginn þann mikla kostnað sem hlýst af afnámi reglubundinna dagsleyfa. Hann hleypur um háar fjárhæðir. Fram til þessa hafa þeir fangar sem dveljast um lengri tíma í fangelsi átt rétt á reglubundnum dagsleyfum allt að einu sinni í mánuði, fjórtán tíma í senn. Þessi leyfi fara fram án fylgdarfangavarða. Með frumvarpinu eru fylgdarlaus leyfi langtímafanganga afnumin og nánast öll fylgdarlaus leyfi. Með lögfestingu frumvarpsins koma fylgdarlaus leyfi nánast eingöngu til greina í tilvikum manna sem hafa verið dæmdir til lengri tíma í fangelsi vegna fjármunabrota. Aðrir eiga kost á allt að fjórtán tíma leyfum í fylgd tveggja fangavarða, jafnvel einu sinni í mánuði.

Fangelsisýfirvöld bera kostnaðinn af þessum fylgdarleyfum enda væri óhæft að láta fanga greiða sjálfa og mismuna þeim þannig á grundvelli fjárhagsstöðu. Á Litla-Hrauni eru um 70 fangar og líklega eru nálægt helmingur þeirra langtímamenn. Samkvæmt öruggri vissu munu a.m.k. tólf langtímafangar hafa öðlast rétt til leyfa á árinu 2006. Varlega má áætla að tíu fangar öðlist rétt til fylgdarleyfa einu sinni í mánuði á hverjum tíma. Það kostar 140 klst. vinnu tveggja fangavarða eða samtals 280 klst. vinnu í hverjum mánuði sem gera rúmlega 3.300 klst. á ári. Þá þarf að reka bifreið til hvers verks og jafnvel kosta til langferða, í sumum tilfellum með flugi. Flestir fangar kjósa að verja leyfum sínum með fjölskyldum á helgidögum og hátíðisdögum svo að gera má ráð fyrir að flestir velji sér aðfangadag eða jóladag. Það táknar fjölda fangavarða og nokkrar bifreiðar, jafnvel flugferðir. Hér er rétt að geta þess að líklega verða mun fleiri fangar í leyfum á hverjum tíma en hér er miðað við.

Hugmyndir höfunda lagafrumvarpsins að þessu leyti eru líklega óframkvæmanlegar miðað við það fangelsisumhverfi sem rekið er hér á landi. Ekki bara umstangsins vegna heldur einnig vegna þess mikla kostnaðar sem hugmyndin hefur í för með sér. Það er stórmerkilegt að hugsa til þess að fjármálaráðuneytið skuli ekki hafa fjallað um þennan gífurlega kostnað í álitinu sínu. Líklega hefði það verið gert ef ráðuneytið hefði kynnt sér allar forsendur. Það var hins vegar ekki gert, hverju svo sem það sætir.

Réttaróvissa

Helstu breytingar sem frumvarpið hefur í för með sér er lögfesting á reglugerðum og vinnureglum sem hafa verið mjög umdeildar í tíð laga um fangelsi og fangavist. Mjög hefur verið deilt á ýmis reglugerðarákvæði sem oft á tíðum hafa ekki verið talin eiga sér lagastoð og jafnvel stangast á við stjórnarskrána. Ákvæði um að mismuna mönnum

fyrirfram, eftir brotaflokkum, hvað varðar reynslulausn samræmist hvorki eðli og tilgangi reynslulausnar né sjálfstæða dómstóla við mat á alvarleika afbrota og lengd refsinga. Ákvæði um líkamsrannsóknir á heimsóknargestum samræmast ekki ákvæðum stjórnarskrár um friðhelgi manna. Ákvæði um heimild til hvers konar vinnslu persónuupplýsinga er óheft og nær samkvæmt orðanna hljóðan til allra persónuupplýsinga, einnig þeirra sem ekki tengjast fangavistinni eða tengjast öðru fólki. Sem dæmi um það má nefna bankaupplýsingar og ýmsar fjölskylduupplýsingar. Lögfesting svo óvandaðs frumvarps hefði í för með sér réttaróvissu og líklega réttaróreglu.

Menntun og hæfni starfsmanna

Fangelsisstjóra er fengið gífurlegt og óumdeilanlegt vald til að taka ákvarðanir og setja reglur sem fela í sér refsingar, þrengja mannréttindi og eru á allan hátt mjög íþyngjandi fyrir hvern sem er. Honum er bæði fengið vald til að setja reglur og framfylgja þeim, meta aðstæður og tilvik, rannsaka málavexti og hugsanlegan brotavilja og að refsa í grundvelli niðurstöðu rannsóknar sinnar. Með störfum hans er ekkert óháð eftirlit. Þrátt fyrir þetta mikla vald sem fangelsisstjórum er fært í hendur og skort á eftirliti eru engar kröfur gerðar til menntunar eða sérfræðikunnáttu. Alveg eins mætti velja 18 ára gamlan menntaskólastrák í starfið. Slíkt er fásinna og þekkt ekki annars staðar. Í tíð eldri laga um fangelsismál var gerð sú krafa að forstöðumenn fangelsa væru lögfræðingar eða með umtalsverða menntun á sviði félagsvísinda, s.s. sálfræðingar eða félagsfræðingar. Frá þessum kröfum var vikið með setningu laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 með þeim rökstuðningi að illa gengi að manna stöðurnar. Nú, rúmlega einum og hálfum áratugi síðar, er reyndin önnur. Þeim sem hafa tilhlýðilega menntun og kunnáttu hefur fjölgað gífurlega svo að nú er atvinnuleysi í þeim stéttum. Skilyrði þess að vikja frá menntunar- og hæfniskröfum til forstöðumanna fangelsa eru ekki lengur fyrir hendi og hafa ekki verið um langan tíma. Þess ber að geta að alls staðar í norrænni löggjöf er þess krafist að forstöðumenn fangelsa séu lögfræðingar, félagsfræðingar, sálfræðingar, mannfræðingar eða hafi yfir að ráða sambærilegri menntun.

Eftirlit

Í hinu nýja frumvarpi er hvergi gert ráð fyrir nokkru eftirliti óháðs aðila. Ætlast höfundar frumvarpsins að öll meðferð fanga og aðstandenda þeirra sé alfarið haldið innan rimla. Þar gegna forstöðumaður fangelsis og Fangelsismálstofnun eftirlitslausu lykilhlutverki og geta því hæglega hagað lífi manna eftir geðþótta og eigin hentugleika. Slíkt er ekki í anda nútímans. Það verður að gera ríkar kröfur um óháð eftirlit í fangelsum landsins. Evrópuráðið gerir kröfu um slíkt fyrirkomulag. Má þar benda á evrópskar fangelsisreglur en þar segir m.a. í grein 5: "Eftirliti skal sinnt af yfirvaldi á sviði dómsýslu eða öðrum aðila sem til þess er löglega skipaður og heimild hefur til að vitja fanga, og ekki tilheyrir fangelsisyfirvöldum."

Betrun, meðferðarúrræði, tengsl við umheiminn og undirbúningur að losun

Langflest ákvæði sem snúa að tengslum við fjölskyldur og umheiminn eru hertar og þrengdar verulega í frumvarpinu. Varðandi þá tilhögun er ekki vísað til norræns réttar. Þetta á við um heimsóknir, símtöl, leyfi, útivist, heilbrigðisþjónustu og meðferðarmöguleika. Ekki er gert ráð fyrir neinum meðferðarúrræðum. Heimsóknir eru

takmarkaðar við reglur fangelsa og forstöðumanni fengið vald til að takmarka þær og skerða. Enginn lágmarksákvæði eru um útvist heldur er hún háð mati forstöðumanns. Heimild er til að framkvæma hvers konar líkamsleit eða líkamsrannsókn á heimsóknargestum án þeirra samþykki. Ekki er einu sinni gert ráð fyrir því að heimsóknargestir megi hverfa úr heimsókn heldur virðist vera um skyldu að ræða. Frumvarpið verður ekki túlkað öðruvísi en svo að ef heimsóknargestur er á annað borð kominn inn í fangelsið sé það forstöðumanni í sjálfs vald sett að framkvæma hvers konar líkamlega niðurlæginu í formi leita. Valdbeiting gæti komið til eins og frumvarpið er sett fram. Hér má benda á að heimsóknir á Litla-Hrauni eiga sér stað í sérstökum heimsóknarherbergjum þar sem fangi og gestur ganga inn og út um sömu dyr. Leit á fanga eftir heimsókn er því jafn áhrifarík og á gesti hans og leitaheimild á gestum því fullkomlega óþörf. Þar er einungis um að ræða tilganglausa árás á friðhelgi frjálsra manna.

Í frumvarpinu eru reglubundin dagsleyfi fanga afnumin. Föngum er heimilt að heimsækja fjölskyldu og vini eftir nánari ákvörðun forstöðumanns eða, eftir atvikum, Fangelsismálastofnunar. Frumvarpið segir að almennt skuli öll leyfi vera fylgdarlaus. Hins vegar er gerður fyrirvari um fanga með lengri dóma, sem hafa framið alvarlegri afbrot eða ítrekuð. Í þeim tilvikum eru fylgdarlaus leyfi afnumin með öllu eins og segir í 2. málslíð 49. gr. frumvarpsins. Undir það falla langfíestir fangar í ríkisfangelsinu Litla-Hrauni og langflestir þeir sem koma til greina. Þessari breytingu fylgir enginn rökstuðningur en vert er að geta þess að það þekkist varla að langtímafangar brjóti af sér í leyfum. Hvað varðar leyfi fanga er í frumvarpinu hvergi vísað til erlends réttar. Í öllum vestrænum fangelsisreglum hefur möguleiki fanga til leyfa sífellt verið rýmkaður enda er það annað af tveimur helstu úrræðum í fangavist til að snúa fögnum til heilbrigðs lífs. Alls staðar hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir hvað varðar langtímafanga en talið hefur verið nauðsynlegt að leyfi handa þeim komi hlutfallslega fyrr til skoðunar en hjá öðrum. Ástæðan er sú að langtímamenn eiga annars erfiðar uppráttar þegar kemur að losun. Líkur á því að þeir glati fjölskyldu- og vinatengslum sem og öðru sambandi við umheiminn aukast gífurlega með áralangri innilokun. Rætt hefur verið um fjögur ár í fangelsi sem viðmiðunarreglu en eftir þann tíma fara fangar að “skemmast.” Þeir sem dvelja fjögur ár í fangelsi eða lengur hafa því gjarna verið skilgreindir sem langtímafangar. Á Norðurlöndum, sem og annars staðar í hinum vestræna heimi, sitja fangar almennt aldrei lengur en fjögur ár í fangelsi án þess að fá fylgdarlaus leyfi. Þetta á við um Svíþjóð, Noreg, Danmörku og nú síðast Finnland. Svíar, Danir og Finnar miða við 1/4 af dómi sem hámark en Norðmenn við 1/3 en þó aldrei lengur en 4 ár. Að þeim tíma liðnum koma til dagleyfi, helgarleyfi og ýmsar aðrar tegundir af leyfum. Alls staðar á Norðurlöndunum, annars staðar en á Islandi, eru til 12 klst. leyfi, 24. klst leyfi., 48 klst. leyfi, og 72. klst. leyfi, eða svokölluð helgarleyfi. Þetta á við um Noreg, Svíþjóð, Danmörku og Finnland en auk þess tíðkast slík leyfi víðast hvar á Evrópusvæðinu. Má þar nefna Bretland, Þýskaland, Frakkland, Austurríki, Sviss, Holland, Belgíu og reyndar nær öll ríki sem eiga aðild að Evrópuráðinu. Þar að auki eru þessi leyfi vel þekkt í Kanada og jafnvel í Bandaríkjunum. Meginreglan er sú að eftir tiltekna setu í fangelsi fá fangar helgarleyfi einu sinni í mánuði ef fjölskylduáðstæður fanga og hagir hans krefjast þess, hegðun í fangelsi mælir með og að hann sé til þess hæfur af heilbrigðisástæðum. Í hinu íslenska frumvarpi er ekki litið til norræns réttar að þessu leyti og ekki hugað að reynslu annarra þjóða. Íslenskir fangar, einkum langtímafanga, sitja hlutfallslega lengur í

fangelsi áður en leyfi koma til auk þess sem lengd leyfanna er margfalt minni hér á landi. Hámarks leyfi hér á landi er 14 klst. einu sinni í mánuði miðað við 72 klst. einu sinni í mánuði annars staðar. Þar að auki má nefna að fögnum annars staðar er víða heimilt að safna upp leyfum allt upp í 8 sólarhringa. Þetta þekkist alls staðar á Norðurlöndum utan Íslands.

Tilgangur leyfa úr fangavist er augljós. Fangar koma jú út í þjóðfélagið aftur og því er best og heppilegast fyrir alla að það gerist skipulega og að þeir hafi að einhverju að snúa. Fangar sem sæta áralangri einangrun og innlokun geta verið orðnir andfélagslegir, einrænir, bitrir, jafnvel geðveikir og hreinlega hættulegir hafi ekki verið hugað vel að. Það batnar engum á einu andartaki við það eitt að stíga skyndilegra út fyrir ótilgreint fangelsishlið.

Ósamræmi og óvandvirkni

Víða er frumvarpið óvandað og talvert er um ásamræmi. Hér er ástæða til að fjalla sérstaklega um skerðingu dagpeninga og reynslulausn.

Dagpeningar eru ætlaðir föngum sem ekki eru settir til vinnu. Dagpeningar eru miðaðir við brýnustu nauðsynjar fanga til persónulegrar umhirðu. Hins vegar er forstöðumanni fangelsis veitt vald til að svipta fanga dagpeningum og þá um leið brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu. Slíkt getur komið til vegna agabrota eða til greiðslu skaðabóta. Í þeim tilvikum er forstöðumanni sem sagt fengið vald til að svipta fanga lágmarks virðingu sinni og möguleikum til hreinlætis og annarra persónulegrar umhirðu. Slíkt stenst ekki.

Reglur um reynslulausn eru ekki í samræmi við tilgang reynslulausnar. Það er eðli reynslulausnar að meta aðstæður í lífi fanga og persónulega hagsmuni hans á tilteknu tímamarki í þeim tilgangi að auka líkur að hann snúi til heilbrigðs lífs. Séu aðstæður þannig að líklegt sé að frekari fangavist skili ekki árangri eða að aðstæður eru fanga hagstæðar á tilteknum tíma er honum veitt lausn úr fangelsi til reynslu. Eingöngu koma til skoðunar þær aðstæður sem eru fyrir hendi eftir að fangavist er hafin og talvert er liðið á hana. Tilgangur reynslulausnar er einnig að hafa eftirlit með fanga á meðan hann er að vinna sjálfum sér traust. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að fyrirfram sé gert upp á milli fanga hvað varðar reynslulausn með því að meta alvarleika afbrots. Þannig er fyrirfram gert ráð fyrir því að sumir brotaflokkar falli undi 1/2 en aðrir 2/3. Dómari í sakamáli hefur hins vegar þegar tekið ákvörðun um alvarleika afbrots og ákvarðað lengd fangavistar í samræmi við það. Samkvæmt skilgreiningu manna á lýðveldi, stjórnarskrá og þriggreiningu ríkisvalds samræmast reynslulausnarákvæði frumvarpsins ekki þeim skilgreiningum. Með því er framkvæmdarvaldinu, hér Fangelsismálastofnun, fengið dómsvald með því að mismuna föngum fyrirfram hvað varðar lengd fullnustu á grundvelli afbrots. Með því er framkvæmdarvaldið að draga úr niðurstöðu dómstóla eða auka við hana eftir eigin hentugleika. Þar að auki má geta þess að hættan sem fellst í losun fanga eykst eftir því sem þeir dvelja lengur í fangelsi. Því ætti reynslulausn langtímamanna að koma fyrr til skoðunar séu hagsmunir þjóðfélagsins og öryggi borgara hafðir að leiðarljósi.

Afleyðingar

Eðli íslenskra fangelsa er ekkert frábrugðið eðli hinna útlensku. Verði hið nýja frumvarp að lögum eru langlíklegust afleyðingarnar ófremdarástand í fangelsinu og óöryggi

borgaranna þegar fyrstu afkvæmi frumvarpsins stíga út úr fangelsinu. Heimsóknir leggjast líklega að miklu leyti niður í fangavist og markmið fanga í fangavist verður ekkert. Langtímamenn hafa ekki að neinu að vinna og ekki til neins að snúa. Starf fangavarða verður eflaust hættulegra og endurtekin afbrot þeirra sem lenda í fangelsi munu án efa stóraukast. Sú gengdarlausu niðurlæging sem frumvarpið ber með sér getur varla orðið til annars en að skapa hættu, bæði í fangelsinu og á götum borga og bæja. Frumvarpið er einfaldlega hættulegt. Í því er gert ráð fyrir að allir fangar beri illan hug og hugi helst að því að brjóta af sér. Það ráðabrukk mun með tímanum skila sér inn í vitundarlífið og verða að veruleika. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að fangar séu manneskjur með þarfir. Það felur í sér fyrirlitningu á föngum og aðstandendum þeirra. Það fangelsisumhverfi sem hið nýja frumvarp boðar er tilfinningalaus heimur án tilgangs eða markmiða. Ekkert skiptir máli í þessum heimi og ekki að neinu að keppa öðru en því að losna. Slíkt fangelsisakerfi elur af sér fleiri afbrotamenn en þjóðfélagið hefur efni á.

Hið nýja frumvarp mun verða tekið fyrir á Alþingi í ársbyrjun 2004. Það hefur hvorki hlotið kynningu né notið umsagnar sérfræðinga og smíði þess hefur farið leynt. Ætlunin virðist vera sú að íslensk fangelsismál séu í sérstöðu og andstöðu við hugmyndir annarra þjóða um betrun. Einkum virðist ætlunin vera sú að stöðva fíkniefnaneyslu í fangelsum með þeim ráðum sem vonlaust er að beri árangur heldur, þvert á móti, hvetja til aukinnar og grófari neyslu. Neysla fanga verður aldrei stöðvuð með því að læsa fangelsishliðinu og loka götum á girðingunni. Slíkt hefur ekki einu sinni tekist í rammgerðustu öryggisfangelsum Bandaríkjanna, ekki einu sinni í kvikmyndum. Neysla verður hvergi hýdd úr fólki, ekkert frekar úr föngum en frjálsu fólki. Eina ráðið til að stemma stigum við neyslu er að draga úr þörfinni. Litla-Hraun er markaðssvæði fyrir sölumenn frá höfuðborgarsvæðinu þar sem sömu lögmál gilda og annars staðar. Framboðið eykst í hlutfalli við eftirspurnina. Hið einskisverða og marklausa líf sem hið nýja frumvarp boðar föngum kallar á annan veruleika og eykur neysluþörfina. Að því ber að huga og beita úrræðum í samræmi við þau markmið sem ætlunin er að ná. Sé það raunverulega ætlunin að sporna við finiefnaneyslu í fangelsum er nauðsynlegt að hafna hinu nýja frumvarpi í heild sinni og taka upp úrræði sem færa föngum önnur markmið en það eitt að losna eftir langtíma niðurlægingu. Áður en slík lög eru samin þarf að huga að tilgangi fangavistar, skilgreina hann og haga framkvæmd í samræmi við það. Þá gefst tækifæri til að taka ákvörðun um það hvort fangavist eigi að vera betrunarvist eða hefndar- og refsivist.

Frumvarp til laga um fullnustu refsidóma

Athugasemdir við einstakar greinar

2. gr.

Hlutverk fangelsismálastofnunar er óljósara en var í 2. gr. laga um fangelsi og fangavist.

3. gr.

Fangelsi eru ekki skilgreind eða flokkuð eins og gert er ráð fyrir í hinum evrópsku fangelsisreglum frá 1987 sem Evrópuráðið gaf út.

5. gr.

Samkvæmt frumvarpinu eru engar kröfur gerðar um menntun eða sérstaka þekkingu forstöðumanns fangelsis. Í lögum um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973 var þess krafist að forstöðumaður fangelsis væri lögfræðingur eða félagsráðgjafi. Núgildandi lög um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 leystu lög um fangelsi og vinnuhæli af hólmi en samkvæmt þeim var dregið úr kröfum um hæfni forstöðumanns. Segir þar í 5. gr. að ráða skuli öðrum fremur mann sem lokið hefur viðurkenndu lokaprófi frá háskóla. Í athugasemdum við frumvarpið var þessi breyting rökstudd með þeim hætti að mjög erfitt hefði reynst að fá háskólamenntaða starfsmenn til að vinna að fangelsismálum.

Frumvarp til laga um fangelsi og fangavist var í vinnslu frá árinu 1982 en lauk með því að það var lagt fyrir Alþingi árið 1987. Nú eru 16 ár liðin frá framlagningu frumvarpsins en á þeim tíma hafa aðstæður í þjóðfélaginu breyst veruleg hvað þetta varðar. Þeim sem hafa tilhlýðilega menntun hefur fjölgað gífurlega svo að nú er atvinnuleysi í þeim stéttum. Í nútímanum eru því engin rök til að víkja frá skilyrðum um ítarlegt hæfi forstöðumanns fangelsis. Hér ber að geta að í norrænni löggjöf, sem og víðar, er gerð sú krafa að forstöðumenn séu lögfræðingar eða með háskólapróf á sviði félagsvísinda. Í hinum evrópsku fangelsisreglum er meðal annars fjallað um hæfi fangelsisstjóra í grein 58.3. Samkvæmt greininni leggur Evrópuráðið þá skyldu á herðar aðildarríkjum að fangelsisstjóri hafi viðeigandi menntun, þjálfun og reynslu.

Í hinu nýja frumvarpi um fullnustu refsinga er forstöðumanni fengið gífurlegt og óumdeilanlegt vald til að setja reglur, meta aðstæður, ákvarða refsingar o.fl. Hann er nánast óháður í starfi og hinar mest íþyngjandi reglur sæta fjögurra sólarhringa bið eftir úrskurði æðra stjórnvalds. Því verður einfaldlega að vanda til verka og gera miklar kröfur um hæfni forstöðumanns.

10. gr.

Í 3. mgr. segir: “Afpláni dómþoli aðra fangelsisrefsingu skal síðari fangelsisrefsingin afplánuð í beinu framhaldi.” Samkvæmt þessu koma réttindi fanga varla til skoðunar á meðan afplánun fyrri dóms varir. Möguleikar á leyfum og reynslulausn skerðast samkvæmt því enda verður að telja hæpið að fangi geti notið réttinda þegar hann hefur ekki hafið afplánun síðari dóms. Á slíkum afleyðingum er ekki tekið í frumvarpinu og því yrði að skýra ákvæðið samkvæmt efni þess. Sem dæmi má nefna að fangi sem afplánar 10 ára fyrri dóm en eins árs síðari dóm gæti ekki notið réttinda fyrr en afplánun síðari dóms er hafin. Hugsanlega mætti líta á ákvæðið sem svo að ætlunin sé að taka sjálfstæðar ákvarðanir hvað varðar hvern dóm. Reynslulausn yrði því fyrst veitt af fyrri

dómi en síðar af síðari dómi. Sama gildi þá um leyfi eftir 1/3 dóms með þeim hætti að hlé yrði gert á leyfum þegar fyrri dómur er afplánaður og fram að þeim tíma sem 1/3 síðari dóms væri afplánaður.

Um þetta þarf miklu skýrari reglur þar sem frumvarpið veitir ekki svigrúm til að fella dóma saman að einu leyti umfram annað. Í framkvæmd eru dómur felldir saman hvað þetta varðar en slíkt er afnumið samkvæmt frumvarpinu, hvort sem sú er hugmyndin eður ei.

12. gr.

Heimilt er að gera hlé á fangvist ef sérstakar aðstæður mæla með því. Í athugasemdum við frumvarpið er gert ráð fyrir að þetta geti einungis átt sér stað í algjörum undantekninartilvikum. Engin leiðbeining er gefin um það hverjar þessar sérstöku aðstæður geti verið líkt og er gert í norrænum fangelsisreglum. Fangelsisyrðing er fengið sjálfstætt mat í hendur, án viðmiðuna, og hætta er á því að þetta ákvæði geti ómögulega komið til skoðunar.

14. gr.

Í greininni er fjallað um frelsi fangelsisyrvalda og forstöðumanna fangelsa til að flytja fanga eftir eigin hentisemi. Ekki er gert ráð fyrir að tekið sé tillit til búsetu við ákvörðun um vistun. Hvað varðar flutning á milli deilda í fangelsum er óhæft að slíkt sé heimilað af tilgreindum skipulagsáttæðum eins og segir í athugasemdum. Sanngjörn og mannúðleg meðferð á mönnum leyfir ekki flutning á milli deilda af öðrum áttæðum en í nafni öryggis og til að vernda hagi fanga. Reynslan á Litla-Hrauni hefur sýnt að flutningur á milli deilda er nýttur sem refsíúrræði þar sem yfirstjórn telur að refsa þurfi fanga án þess að hann hafi gers sekur um agabrot eða brot á húsreglum. Um er að ræða geðþóttaákvæðanir. Þetta úrræði hefur verið notað til að persónulegra hegninga og til þess að brjóta fanga niður. Vistunarstaður á gangi er fanga mjög mikilvægur og oft á tíðum forsenda heilsu hans og hugarheill. Neysla er mismikil á milli deilda og sumt umhverfi er fjandsamlegra einum en öðrum. Óhæft er að veita forstöðumanni svo mikið frelsi sem mælt er fyrir um í greininni.

18. gr.

Hér er meðal annars fjallað um rétt fanga til að tala við lögmann. Í frumvarpinu kemur hins vegar ekki fram hver sá réttur sé en í ríkisfangelsinu Litla-Hrauni hefur reynslan sýnt að yfirstjórn fangelsisins beitir slíkum reglum af handahófi.

19. gr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að fanga sé heimilt að útvega sér vinnu utan fangelsis en sú vinna skal fara fram inni á klefa. Heimilt sé í slíkum tilvikum að taka gjald til upphalds í fangavist. Í athugasemdum er sagt að fyrirmyndin sé í dönsku fullnustulögunum. Það er hins vegar ekki alls kostar rétt því að í sambærilegum dönskum tilvikum fer vinna fanga almennt fram utan fangelsisins en vinna á klefa er ekkert skilyrði. Eðli málsins samkvæmt kemur þetta ákvæði varla til skoðunar enda nánast ókleyft að vinna slíka vinnu á klefa. Hugmyndin á bak við slík ákvæði er sú að vinna fari fram utan fangelsa.

21. gr.

Óeðlilegt er að föngum sé greidd þóknun í stað launa. Framkvæmdin hefur verið sú að föngum hafa verið greidd laun sem skyldu taka mið að arðsemi vinnu og launum á almennum vinnumarkaði. Hins vegar hafa fangar notið þess að óheimilt er að innheimta opinber gjöld hjá þeim á meðan afplánun stendur og í sumum tilvikum í nokkurn tíma eftir að fangavist líkur. Þrátt fyrir að föngum hafa verið ákvörðuð laun hafa þeir í framkvæmd ekki notið almennra starfsréttinda á borð við lífeyris- og tryggingarétt. Þá er ekki hugað að vinnuöryggi. Af þeim sökum hafa eyður myndast í lífeyrissöfnun fanga, jafnvel áratugs eyða í tilvikum langtímafanga. Alþýðusamband Ísland hefur mótmælt þessu fyrirkomulagi allt frá árinu 1998 og Umboðsmaður hefur einnig haft málið til athugunar. Velferð fanga og framfærsla framtíðarinnar er í hættu sé þeim meinað að afla sér launa og réttinda launafólks.

Í 2. mgr. er kveðið á um dagpeninga sem skilgreindir eru á þann hátt að þeir eigi að miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegar umhirðu. Líklega er átt við þær nauðsynjar sem fangelsum er almennt skylt að útvega föngum til að þeir haldi mannlegri virðingu sinni. Sem dæmi um það má nefna hreinlætis- og snyrtivörur, rakstursáhöld, nauðsynlegan fatnað o.fl. sem íslensk fangelsi leggja ekki til. Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að svipta megi fanga dagpeningum sínum og þá um leið mannlegri virðingu sinni. Slíkt er ómannúðlegt og stenst hreinlega ekki.

22. gr.

Hér er einnig gert ráð fyrir að svipta megi fanga dagpeningum. Vísast um það til þess sem segir um 2. og 3. mgr. 21. gr.

23. gr.

Ekki er rétt að veita Fangelsismálastofnun nokkurn rétt til að meta þörf fanga til skoðunar læknis í upphafi fangavistar. Slíkt mat á heima í höndum heilbrigðisyfirvalda. Við komu í fangelsi er fangi almennt í mjög slæmu andlegu ástandi og oft ófær um að óska eftir lækni sjálfur. Rétt er að gera það að skyldu að læknir skoði fanga við komu í fangelsið án afskipta Fangelsismálastofnunar. Slíkt er almennt skilyrði annars staðar.

Í annarri málsgrein er fjallað um heilbrigðisþjónustu en í athugasemdum með frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þessi grein taki af skarið hvað varðar tannlæknaþjónustu. Rétt er að binda það í lög að fangi eigi rétt á allri heilbrigðisþjónustu sér að kostnaðarlausu, þar á meðal allri tannlæknaþjónustu. Pyntinganefnd Evrópuráðsins hefur gert miklar athugasemdir við slíkt fyrirkomulag sem tíðkast hefur á Íslandi enda hefur reynslan hér á landi sýnt að fangar geta oft á tíðum ekki leitað tannlæknis vegna eigin þátttöku í kostnaði.

33. gr.

Í 1. mgr. er fanga veittur réttur til vikulegra heimsókna á viðtalstímum sem fangelsið ákveður. Hér er ekki lögfestur lágmarkstími heimsóknar en nauðsynlegt er að kveða á um slíkt í lögum.

Í 2. mgr. er forstöðumanni fangelsis fengið mikið og óskilgreint vald varðandi heimsóknir. Þær sérstöku aðstæður sem rætt er um í greininni, sem forstöðumaður getur nýtt sér til að hafna heimsóknum, eru ekki skilgreindar nánar. Slíkar ákvarðanir geta því

allt eins verið háðar geðþótta forstöðumanns. Rétt er að skilgreina þessar sérstöku aðstæður nákvæmlega.

Í 5. mgr. er ákvæði almenna heimild forstöðumanns til að framkvæma hvers kyns líkamlega leit og niðurlægingu á heimsóknargestum. Þetta ákvæði er fásinna og til þess eins fallið að fangar fái ekki heimsóknir í fangelsið. Greinin gengur meira að segja svo langt að slá enga varnagla heldur litur svo út sem fangelsið geti krafist líkamsskoðunar þegar heimsóknargestur er kominn í fangelsið. Ekki er gert ráð fyrir því að heimsóknargestur geti komið við mótmælum og því getur hæglega reynt á valdbeitingu. Rétt er að benda á að þar sem heimsóknaraðstaða er fyrir hendi ganga fangi og gestur hans inn og út um sömu hurð og því hægt að framkvæma hvers kyns leit á fanganum. Hvers konar líkamsleitarheimild hvað varðar heimsóknargesti er fásinna, eins og áður sagði, og fullkomlega ástæðulaus.

36. gr.

Greinin fjallar um réttindi fanga hvað varðar símtöl. Í 19. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 sagði: “Fangi hefur rétt á símtölum við aðila utan fangelsis að því marki sem aðstæður leyfa í fangelsinu.” Ekki var kveðið á um lágmarksrétt en á því var tekið í reglugerð um heimsóknir, bréfaskipti, símtöl o.fl. Þar sagði að fangi ætti rétt á a.m.k. þremur símtölum út og þremur símtölum inn í hverri viku. Reyndin varð sú, a.m.k. í ríkisfangelsinu Litla-Hrauni að reglugerðin fæli í sér þrengingu á lagaákvæðinu og símatimar ekki miðaðir við aðstæður í fangelsinu.

Í 36. gr. hins nýja frumvarps er gert ráð fyrir að reglur fangelsis samkvæmt ákvörðun forstöðumanns ráði alfarið rétti fanga til símtala. Hann getur því orðið enginn, kæri forstöðumaður sig um. Tilgangur þess að takmarka símtöl fanga og lengd þeirra er óskilgreindur og órökstuddur sem hluti þeirrar frelsisskerðingar sem er samfara fangavist. Slíkt veldur einungis óróa í fangelsinu og togstreitu á milli fanga og fangavarða. Það skerðir einungis möguleika fanga til að vera í sambandi við fjölskyldu og vini.

Í 3. mgr. fjallað um ákvörðun um að hlusta á símtöl fanga. Um þetta er fjallað í gildandi lögum, með sama orðalagi, þ.e.a.s. að hlusta, en ekki verður séð að það feli í sér heimild til annars en að hlusta á fangann en ekki viðmælanda hans. Í framkvæmd hefur hlustun verið beitt sem hlerun. Þetta ákvæði þarfnast meiri nákvæmni.

Í 4. mgr. er fangelsi veitt heimild til að taka símtöl fanga upp á hljóðband og tilkynna það að samtali loknu. Forstöðumanni fangelsis er með því veitt víðtækt vald og mat á því hvenær tilefni er til að víkja frá ákvæðum stjórnarskrár um persónufrelsi.

Í greininni er gert ráð fyrir því að fangi greiði kostnað við öll símtöl og þá einnig til lögmans, Umboðsmanns Alþingis o.fl. Rétt er að fangelsi beri kostnað af slíkum símtölum enda væri annars hætt á að réttaröryggi fanga væri í hættu hefði hann ekki ráð á að greiða fyrir símtal.

37. gr.

Rétt er að fangelsi beri kostnað varðandi ýmsar bréfasendingar til aðila á borð við Fangelsismálastofnun, dómsmálaráðuneytið, Umboðsmanns Alþingis og fleiri opinberra aðila af sömu ástæðu og varðandi nauðsynlegustu símtöl.

38. gr.

Í 2. mgr. vegur að málfrelsi fanga og veitir heimild til að banna fjölmiðlaviðtöl. Ekki er skilgreint eða rökstutt með hvaða hætti þetta er nauðsynlegur þáttur í frelsisskerðingunni sem fylgir fangavist.

42. gr.

Rétt er að endurskoða hugmyndir um internetsnotkun fanga enda eru slík not eðlilegur hluti af lífi nútímans. Hér er fyrirfram gert ráð fyrir að fangar brjóti af sér á internetinu í stað þess að horfa til þeirra kosta sem slíkur aðgangur hefur. Internetið gæti gengt mikilvægu hlutverki varðandi betrun fanga og möguleika til tengsla við umheiminn. Rétt er að benda á að auðveldlega má fylgjast með notkuninni og hafta hana með ýmsum hætti.

Í þriðju málsgrein er fjallað um hámarksfjárhæð sem fangi má hafa inni á klefa sínum. Það er mjög algengt að fangar safni peningum til að senda fjölskyldum sínum, til kaupa á gjöfum eða ýmsum vörum fyrir sjálfa sig. Fangelsið hlutast ekki til um að geyma peninga við öruggar aðstæður né að hafa milligöngu um bankaviðskipti. Því verður framkvæmdin líklega sú að vel fengið fé fanga verði gert upptækt í sífellu. Nauðsynlegt er að leyfa föngum að safna vinnulaunum sínum og að hafa undir höndum peninga til ýmissa kaupa, s.s. fatakaupa og annars.

43. gr.

Heimilt er að veita fanga leyfi ef það telst heppilegur þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun. Nauðsynlegt er að skilgreina þetta nánar, þ.e.a.s. hvað er heppilegur þáttur í refsifullnustu og hvenær skal hefja undirbúning að því að afplánun ljúki. Samkvæmt evrópskum fangelsisreglum skal hugað að þessu strax í upphafi afplánunar og gera sérstakar ráðstafanir varðandi langtímamenn. Pyntinganefnd Evrópuráðsins hefur lagt áherslu á það sama og vestræn ríki hafa lagt mikið upp úr slíkum hugmyndum.

Alls staðar í hinum vestræna heimi hafa leyfisreglur fanga verið rýmkaðar jafnt og þétt. Helgarleyfi (72 klst.) eru vel þekkt á Norðurlöndum og víða um heim annars staðar en á Íslandi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hámarksleyfi verði áfram 14. klst. en það er allt of skammur tími miðað við velferð fanga og fjölskyldna þeirra og það sem þekktist annars staðar. Ísland hefur enga sérstöðu hvað þetta varðar og því er rétt að taka upp reglur annarra þjóða hvað lengd leyfa varðar. Slíkt er alls staðar talið heppilegur og nauðsynlegur þáttur í refsifullnustu og nauðsynlegt til að hefja strax undirbúning að endurkomu fanga út í þjóðfélagið.

Hér á landi er nauðsynlegt að fara að taka tillit til einstaklinga og aðstæðna í hverju tilvik. Meta þarf tilvik í samræmi við tilgang, þarfir, heilbrigði og aðstæður hverju sinni og ákvarða lengd leyfa í samræmi við það á sama hátt og gert er annars staðar. Nútímaleg fangelsislöggjöf verður að gera ráð fyrir lengri leyfum hér eins og annars staðar.

44. gr.

Í 2. tl. er fanga veittur réttur til að vera viðstaddur bæði jarðaför og kistulagningu maka, niðja eða foreldris. Orðið niðjar hefur rúma merkingu í íslenskri tungu og getur þar á meðal náð til nákominna ættingja. Nauðsynlegt er hér að taka af skarið varðandi systkini.

Í 4. tl. er að finna ákvæði sem nú fyrirfinnst í reglugerð um fullnustu refsídóma. Þar er um að ræða heimild til dvalar utan fangelsis fyrir fanga til að gæta sérstaklega brýnna og persónulegra hagsmuna sinna. Framkvæmdin hefur verið sú að þessir hagsmunir eru nánast ekki til. Hafa þeir verið skilgreindir með þeim hætti að um sé að ræða fjárhagslega hagsmuni á borð við þá að vera viðstaddur nauðungarsölu á eign sinni. Velferð barna fanga og fjölskyldu þeirra hefur ekki verið talin falla undir brýna persónulega hagsmuni. Þar á meðal er ekki gert ráð fyrir þeim tilvikum þegar barn getur ekki notið umgengnisréttar við föður á heimili sínu. Almennt veldur það börnum miklum andlegum erfiðleikum að umgangast föður eða móður fangelsisumhverfi. Þörf er fyrir því að skilgreina hina brýnu persónulegu hagsmuni nánar.

45. gr.

Rétt er að huga að leyfi til að stunda vinnu utan fangelsis hér á landi eins og annars staðar. Slíkt getur skipt sköpum varðandi ábyrgð fanga og aðlögun að þjóðfélaginu á nýjan leik.

46. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfa hér á landi eru allt of þröng og ekki í samræmi við það sem gerist annars staðar. Við setningu íslensku leyfisreglna hefur ekki verið hefur ekki verið horft til Norðurlanda eða annarra erlendra þjóða. Ekki er tekið tillit til langtímafanga. Í Svíþjóð og Danmörku er miðað við hámark 1/4 hlut refsitímans en þá taka við dagleyfi og helgarleyfi einu sinni í mánuði. Í Noregi er miðað við 1/3 hluta refsingar en þó aldrei svo að fangi þurfi að bíða lengur en í fjögur ár. Alls staðar eru gerðar sérstakar ráðstafanir varðandi langtímafanga og alls staðar koma helgarleyfi tiltölulega snemma til sögunnar. Mæli hagir fanga og fjölskyldu hans með því koma leyfi mun fyrr til sögunnar. Ætíð er hugsunin sú að betra sé að yta föngum strax smátt og smátt út í samfélagið og reyna að halda nauðsynlegustu tengslum hans í stað þess að útiloka hann frá þeim og jafnvel stuðla að því að þau glatist.

47. gr.

Rétt er setja reglu í lög sem kveður á um að sérstaklega skulu hugað að leyfum fyrir langtímamenn. Oft hefur því verið haldið fram til viðmiðunar að fjögur ár í fangelsi “skemmi” menn. Eftir það má telja öruggt að þeir tileinki sér þá niðurlægjandi og andfélagslegu hegðun sem einkennir fangavist á Íslandi. Það er beinlínis hættulegt fyrir þjóðfélagið að geyma menn of lengi í einangrun og útskúfun frá því. Markmið fangavistar verður að skilgreina með þeim hætti sem er öllu samfélaginu fyrir bestu. Hvað þetta varðar er eðlilegt að nýta sér þekkingu og reynslu annarra.

49. gr.

Í þessari grein felst það í raun að leyfi fari almennt fram í fylgd þar sem meirihluti fanga, sem til greina kemur, fellur undir 2. og 3. mgr. 47. gr. Í greininni segir einfaldlega að leyfi langtímafanga fari aldrei fram nema í fylgd fangavarða, orðalagið verður ekki skýrt öðruvísi. Hér er í raun verið að tala um langflesta þá sem koma til með að eignast rétt til leyfa samkvæmt 1. mgr. 43. gr. sem nú kallast reglubundin dagsleyfi í reglugerð. Því er verið að afnema dagsleyfi flestra fanga hér á landi. Þeir sem eiga nú rétt á slíkum leyfum þurfa að hafa hlotið a.m.k. eins árs refsídóm. Að baki slíkum dómum búa alvarleg afbrot.

58. gr.

Greinin fjallar um refsingar eða agaviðurlög. Framkvæmdin hefur verið sú í ríkisfangelsinu Litla-Hrauni að öllum viðurlögum er beitt samtímis. Fyrirkomulagið hefur verið nefnt “pakkafyrirkomulag.” Tvenns konar viðurlög eru nefnd í greininni sem vert er að rökstyðja nánar eða fella úr henni ella. Í fyrsta lagi verður ekki séð hvernig heimilt geti verið að svipta fanga dagpeningum því þar með er verið að svipta þá mannlegri virðingu og hreinlæti. Um það vísast til þess sem sagði um 21. gr. Í öðru lagi er forstöðumanni veitt allt of víðtækt vald til að færa fanga til einangrunar. Slík vist er hættuleg andlegri og líkamlegri heilsu manna og algjörlega árangurslaus í hegningarskyni. Hið eina sem af því hlýst eru auknar þjáningar og einangrun sem leiðir til þess að fanginn er mun líklegri til að brjóta af sér á nýjan leik. Slíkt niðurbrot brýtur niður vilja mann til að bæta sig.

63. gr.

Óþarfi er að einangra fanga þegar mál hans er rannsakað. Sé þörf á einhverjum úrræðum dugir alveg að beita vægari úrræðum á borð við það að læsa hann inni í eigin klefa.

65. gr.

Hér er gert ráð fyrir að mismuna megi föngum varðandi reynslulausn á grundvelli afbrots. Hér er gert ráð fyrir að reynslulausn ráðist að atvikum sem áttu sér stað áður en afplánun hófst. Dómari í refsímáli hefur þegar metið alvarleika afbrots og markað fangavistinni lengd eftir því. Það er því fullkomin óhæfa að veita stjórnslustofnun vald til að draga úr eða auka á niðurstöðu dómara. Slíkt samræmist hvorki hugmyndum um þriggreiningu ríkisvaldsins né eðli reynslulausnar. Um þetta vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Sú venja hefur verið viðhöfð að allir útlendingar sem afplána refsingu hér á landi hafa hlotið reynslulausn að liðnum ½ afplánunar með tilliti til þungbærrar fangavistar. Í frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að slík rök komi skoðunar.

Í greininni er einnig kveðið á um að fangar sem eigi mál í rannsókn hjá lögreglu hljóti ekki reynslulausn. Óeðlilegt er að láta slíkt ráða ferðinni enda er það grundvallarregla í lýðræði að menn séu saklausir uns sekt er sönnuð. Í framkvæmd hefur þessari reglur verið beitt án sérstaks rökstuðnings.

81. gr.

Í greininni er Fangelsismálastofnun og fangelsum veitt heimild til að ótilgreindrar vinnslu með hvers konar persónulegar upplýsingar um fanga að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi stofnanna. Greinin virðist bæði fela í sér heimild til að afla hvers kyns upplýsinga og skrá þær. Slík heimild til að koma sér upp gagnagrunni með persónuupplýsingar er fullkomlega tilefnislaus og þær stofnanir sem tilgreindar eru í greininni hafa til þess ekkert hæfi. Um yrði að ræða eftirlitslausar persónunjúsnir.

83. gr.

Þessi grein, um refsingu handa heimsóknargestum sem brjóta fangelsisreglur, er tilefnislaus.